Gamla Akureyri í Innbænum var ekki stór. Hún náði norður að Grásteini er var í landi Stóra-Eyrarlands og suður að Kóngsvörðu í landi Nausta.

Old Akureyri was not a large community. Its boundaries reached north as far as Grásteinn, in land belonging to Stóra-Eyrarland, and south to Kóngsvarða in Naustaland.



Gamla Akureyri

Hér stendur þú á eyrinni þar sem saga bæjarins byrjaði. Eyrin myndaðist af framburði Búðarlækjar sem rann niður Búðargil og til sjávar. Akureyri dregur nafn sitt af löngu horfnum akri. Ef til vill var hann í Búðargili eða á höfðanum þar sem nú er kirkjugarður bæjarins.

Akureyrar er fyrst getið á 16. öld. Þegar verslunareinokun komst á 1602 varð Akureyri – sem þá hét í opinberum gögnum „Öfjord Handelsted“ – einn af löggiltum verslunarstöðum landsins en utan þeirra mátti enginn stunda kaupskap. Fyrstu húsin voru verslunar- og geymsluhús en íbúðarhús reis ekki fyrr en 1778 þar sem dönsku kaupmennirnir, er stjórnuðu versluninni, máttu ekki stunda nein viðskipti á Íslandi yfir vetrartímann né eiga þar fasta búsetu. En tímarnir breyttust og 29. ágúst 1862 varð Akureyri kaupstaður. Íbúar hins nýja kaupstaðar voru 294 talsins og bjuggu í þremur hverfum: inni í Fjöru, í Búðargili og á Akureyrinni þar sem þú stendur og hjartað sló. Enda þótt eyrin sé horfin úr landslaginu er hún engu að síður skýrt afmörkuð af götunum Hafnarstræti og Aðalstræti. Á milli þeirra er gamla Akureyrin.

Þegar þú lítur yfir götuna blasa við þér tvær glæsibyggingar, Tuliniusarhús nær, byggt 1902, og Höepfnershús fjær, reist 1911. Þessi tvö reisulegu timburhús voru byggð sem verslunar- og íbúðarhús og minna á að hér var miðbær Akureyrar fram yfir aldamótin 1900. Skipin lögðust að bryggjunum austan við húsin, erlendar vörur streymdu í land og íslenskar landbúnaðarvörur fylltu lestar skipanna. Þegar kom fram yfir 1850 bættist hákarlalýsi við útflutningsvörur Eyfirðinga og 1879 hófst fyrsta síldveiðiævintýrið á firðinum.

Lífið í kaupstaðnum snerist um skipakomur og verslun og miðbærinn var þar sem skipin komu að. Þess vegna hætti hjarta bæjarins að slá inni á gömlu Akureyri þegar Torfunefsbryggja reis um 1907. Með hinni nýju bryggju færðist þungamiðja kaupstaðarins til norðurs þar sem núverandi miðbær myndaðist. Fyrir vikið fengu gömlu húsin að standa óáreitt og eru mörg friðuð.

Elstu bæjarhlutarnir, gamla Akureyri, Fjaran og Búðargil, heita nú einu nafni Innbær.

The Old Town

Here Akureyri's story begins. It was first mentioned in 1602, when a trading monopoly was established. However, the first dwelling house was not built until 1778, when Danish merchants were first allowed winter residence. On 29 August 1862 Akureyri received the status of a township, with 294 inhabitants living in three communities; Fjara, by the shore, Búðargil, and the Akureyri gravel bank, where you are standing now. The bank is no longer visible, but its boundaries are marked by the streets Hafnarstræti and Aðalstræti. Across the street are two impressive buildings, Tuliniusarhús, built in 1902 and Höepfnershús, built in 1911. These two houses underline the fact that here lay the town centre of Akureyri, until just after 1900. Ships lay at anchor here, bringing foreign imports, and exporting Icelandic agricultural produce. Just after 1850, shark liver oil was added to exports from Eyjafjörður, and 1879 saw the first of what became known as the “Herring Adventure”. For a long time, Akureyri was first and foremost a trading port. Life in the town revolved around the arrivals of ships, and the nucleus of activities was where the vessels anchored. When Torfunefsbryggja pier was built around 1907 the town centre moved to its present location. As a result, the houses in the old original centre have remained, and many are now protected.

Síldarsöltun á Tuliniusarbryggju um 1910. Húsin lengst til hægri voru hluti af elstu húsaþyrpingu bæjarins. Þau brunnu öll 1912.
Salting herring on Tuliniusarbryggja pier around 1910. The houses on the far right were part of the town's largest residential area. They burned down in 1912.

Starfsfólk Höepfnersverslunar um 1915. Verslunin var nefnd Hvíta búðin því hún var máluð í ljósum litum og upplýst með gasluktum.
The staff of Höepfner store around 1915. The store was popularly known as The White Store as it was painted in light colours and lit by gas lanterns.

Saltfiskþurrkun um 1920 en 1877 lærðu Akureyringar fyrst að verka saltfisk fyrir tilstuðlan Gránufélagsins, fyrsta íslenska verslunarfélagsins á Akureyri.
In 1877 the people of Akureyri learned how to process salted fish; here we see stacks of salted fish around 1920.

Akureyri 1857 séð með augum danska listamálarans Carls Baagöe.
Akureyri in 1857 seen through the eyes of the Danish artist Carl Baagöe.

Myndin er hluti af veggmynd sem Baagöe málaði á veitingahúsið Hótel Akureyri. Sjá Jón Hjaltason, Listamenn Menningarsjóðs Akureyrar.
Picture is a part of a mural painted by Baagöe in the restaurant of Hotel Akureyri. See Jón Hjaltason, Artists of the Akureyri Cultural Fund.

www.visitakureyri.is

MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI MUSEUM

Afmælisgjöf frá Norðurorku á
150 ára afmæli Akureyrarbæjar 2012

NORÐURORKA